



**Handbók fyrir foreldraráð
yngri flokka
knattspyrnudeildar KA**

Nóvember 2018

Æskilegur fjöldi í foreldraráði er 4-6 (jöfn skipting eldra og yngra árs)

Hlutverk foreldraráða:

- Að vera tengiliður milli foreldra/forráðamanna, þjálfara og yngriflokkaáðs.
- Að vinna með þjálfara m.a. að skipulagningu móta, gistingu, mat o.p.h.
- Að sjá um að senda tölvupóst til foreldra með ýmsum upplýsingum og setja inn upplýsingar á heimasíðu og facebook-síðu flokksins í samráði við þjálfara.
- Að virkja foreldra til að aðstoða við mót, fjáröflun og fleira.
- Að sjá um að skipuleggja uppákomur fyrir iðkendur c.a. 2 sinnum á ári.

Fundir

Halda á haust- og vorfundum fyrir foreldra í samráði við þjálfara.

Á haustfundum á að kynna:

- Vetrarstarfið.
- Mót komandi sumars.
- Fjáröflun (fá hugmyndir og fólk til að sjá um fjáröflunarstarfið).
- Nýtt foreldraráð kosið.

Á vorfundum á að kynna:

- Sumarstarfið.

Aðrir fundir:

Þegar um lengri en tveggja daga mót er að ræða er gott að boða til aukafundar, þar sem foreldrum þeirra sem taka þátt er kynnt þau mót sérstaklega (dæmi: N1 mótið, Orkumótið í Eyjum, TM mótið í Eyjum, Síamótið í Kópavogi, Rey-Cup og fleiri)

Hlutverkaskipting þjálfara og foreldraráða vegna móta:

- Þjálfari og yngriflokkaáð taka í sameiningu ákvörðun um á hvaða mót skuli farið.
- Þjálfari skráir liðin á þau mót sem taka á þátt í. Fylgjast þarf mjög vel með hvenær þarf að skrá liðin á mótið, en það er mjög misjafnt eftir mótum.
- Þjálfari stjórnar leikjum á mótum. Ef vantar aðstoð skal þjálfari flokksins hafa samráð við foreldraráð/yngriflokkaáð.
- Foreldraráð sér um að greiða mótsgjald. Mikilvægt er að fylgjast mjög vel með hvenær á að borga staðfestingargjald fyrir mótið.
- Foreldraráð tekur á móti skráningu iðkenda á mótið (og sendir listann til þjálfara). Flestir eru farnir að nota facebook-síður eða google-forms til að skrá á mótið.
- Foreldraráð sér um að senda póst/setja inn á heimasíðu/facebook-síðu flokksins upplýsingar um mótið (hvenær þau eru, klukkan hvað þau hefjast, hvað þau kosta og lista yfir hvað þarf að taka með o.s.frv.).
- Foreldraráð sér um að fá liðsstjóra (þegar niðurstaða um uppröðun í lið er komin frá þjálfara, því er mikilvægt að fá þær upplýsingar 2-3 vikum fyrir mót).
- Foreldraráð annað hvort fundar með liðsstjórum fyrir mót eða sendir þeim upplýsingar um hlutverk þeirra.

Æfingaleikir

- Þjálfari sér um að koma á æfingaleikjum milli KA og annarra liða.
- Þjálfari sér um að auglýsa æfingaleikina eða biður einhvern í foreldraráðinu um það. Auglýsa þá inni á heimasíðu og facebook-síðu flokksins.

Hlutverk foreldraráða vegna einstakra móta

Mót á vegum KA eru N1 mótið um mánaðamótin júní/júlí og Stefnumót 3. og 4. flokks karla og kvenna. Einnig eru Stefnumót í byrjun maí og nóvember fyrir 6. fl. kvenna og 7. og 8. flokk karla og kvenna.

Stefnumót (haldin í Boganum):

Það eru yngriflokkaráð og foreldrar iðkenda í 3. flokki sem halda mótin fyrir þann flokk og yngriflokkaráð og foreldrar iðkenda í 4. flokki fyrir þann flokk.

Þáttökugjald: Iðkendur greiða þáttökugjald en foreldrar vinna á mótinu og fá greitt fyrir hana inn á söfnunarreikning barna sinna.

Vinna felst í því að taka matarvaktir, sjá um gæslu á gististað, þrif að loknu móti og manna vaktir í Boganum.

Hlutverk foreldraráðs:

Að taka á móti skráningum, útvega liðsstjóra og skrá foreldra á vaktir.

Yngriflokkaráð sér um Stefnumótið fyrir 6. fl. kvenna og 7. og 8. fl. karla og kvenna.

N1 mótið (mót fyrir 5. fl. kk. haldið á KA svæðinu):

Þáttökugjald: Iðkendur greiða þáttökugjald en foreldrar vinna á mótinu og fá greitt fyrir hana inn á söfnunarreikning barna sinna.

Vinna felst í því að taka ca. þrjár matarvaktir (fer eftir fjölda þátttakenda).

Hlutverk foreldraráðs 5. fl. kk.

Að taka á móti skráningu KA stráka, útvega liðsstjóra. Einnig að útvega foreldra á matarvaktir. Skrá þarf á matarvaktirnar og liðsstjóra á fundi sem haldinn er í júní (þar sem fulltrúar frá mótisstjórn N1 mótsins koma og veita upplýsingar varðandi mótið). Foreldraráð verður að óska eftir nærveru fulltrúa mótisstjórnar á fundinn. Síðan þarf að hringja út þær vaktir sem vantar eftir fundinn. **Foreldrar eru hvattir til að taka að sér matarvaktir því öflugt foreldrasamstarf þarf til þess að mót af þessari stærðargráðu gangi upp.**

Gott er að taka á móti skráningu strákanna fljótlega eftir áramót og láta svo þá stráka sem byrja að æfa um sumarið skila skráningu í síðasta lagi um miðjan júní.

Ef ekki er hægt að fá sömu liðsstjórana allt mótið er ekkert mál að skipta dögum á milli liðsstjóra þar sem mótið er á heimavelli. Liðsstjóri þarf að taka á móti liðinu ½ klst fyrir leik og láta strákana hita upp, fer með þeim í mat og bíó. Ef liðsstjórar vilja gera eitthvað fleira með liðum sínum er það í lagi.

Mótsnefnd N1 fundar með foreldraráðum allra flokka sem að mótinu koma og kynnir þeim hlutverk hvers flokks fyrir sig á mótinu. Miðað er við að halda þessa fundi síðla vetrar.

Hlutverk 4. fl. kk. á N1- mótinu:

Það þarf að skipta strákunum niður á vaktir sem felast í því að fara með dómarakort inn í hús eftir hvern leik. Halda áhorfendum í hæfilegri fjarlægð frá hliðarlínunum vallanna, tína upp rusl við vellina og sjá um að taka rusl í matsal. Losa ruslatunnur á svæðinu. Það þurfa að vera ca. tveir strákar á hverri vakt og tveir strákar með hvern völl.

Hlutverk 4. fl. kvk á N1- mótinu:

Stelpurnar sjá um aðstoð í matsal og þarf að skipta þeim á vaktir í morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Það þarf fjórar stelpur á hverja vakt.

Sé þess þörf skulu stelpur úr 4. fl. vera til taks að tína rusl á mótssvæðinu. Ákvörðun um þetta fer eftir hversu margir eru í annars vegar 4. fl. karla og hins vegar 4. fl. kvenna á hverjum tíma.

Hlutverk 3. fl. kvenna á N1- mótinu:

Stelpurnar í 3. fl. kvenna koma á einn eða annan hátt að veitingasölu á N1-mótinu. Nánari útlistun er ákvörðuð af mótsstjórn í samráði við foreldraráð 3. fl. kvenna.

Hlutverk 3. fl. karla á N1-mótinu:

Þeir sjá um dómgæslu og sér þjálfari flokksins um að skipuleggja það og er hann í sambandi við þann sem sér um dómaramál í mótsstjórn.

Strákarnir sjá líka um að sækja borð og stóla í Lundarskóla fyrir mót undir stjórn þjálfara og fulltrúa mótsstjórnar. Einnig koma strákarnir að flutningi á stólum og borðum til baka í Lundarskóla að móti loknu.

Þegar krökkunum er skipt á vaktir sumarsins þarf að muna að taka tillit til vinnuþlans í Vinnuskólanum, því margir af þessum krökkum starfa þar.

Helgarmót (2 daga mót)

T.d. Króksmót, Landbankamót

Fylgjast þarf mjög vel með hvenær þarf að skrá liðin á mótin en það er mjög misjafnt eftir mótum. Upplýsingar um þetta má finna á heimasíðum mótanna.

Hlutverk foreldraráðs:

- Að taka á móti skráningum iðkenda, greiða þátttökugjald og staðfestingargjald.
- Útvega liðsstjóra.
- Láta liðsstjóra fá upplýsingar um hlutverk þeirra.
- Þegar á mótsstað er komið sækir einhver úr foreldraráðinu þátttökuarmbönd og mótsgögn sem viðkomandi afhendir síðan liðsstjórum um leið og þeir taka við sínum liðum.
- Koma upplýsingum vegna mótsins til foreldra, t.d. í gegnum facebooksíðu foreldra eða með tölvupósti. Símanúmer liðsstjóra og þjálfara þurfa að koma fram.

Lengri mót:

Dæmi um það eru Orkumótið og TM-mótið í Vestmannaeyjum, Norðurálmótið á Akranesi, Rey-Cup, Síamótið í Kópavogi og ÓB-mótið á Selfossi

Undirbúningur fyrir þessi mót þarf að hefjast strax að hausti. Þar sem þessi mót eru frekar dýr þá er gott að vera með nokkrar fjáraflanir yfir veturinn. Huga þarf að ferðamáta strax að hausti, hvort fara eigi með flugi eða taka Herjólf og panta til Eyja. Önnur mót sem ákveðið er að fara á hjá öðrum félögum er val um að fara með einkabílum eða rútu. Þegar tekið er við skráningu iðkenda þá er nauðsynlegt að hafa samband við þá iðkendur sem eingöngu æfa á sumrin (skoða hverjir voru sumarið áður og vita hvort þeir hafi áhuga á að vera með). Sjá hlutverk foreldraráða hér á undan og helgarmót).

Ferðakostnaður þjálfara vegna móta:

- Muna að skipta kostnaði vegna ferða og fæðis þjálfara á mótin milli allra þátttakenda.

Hlutverk liðsstjóra á gistimótum er m.a. að:

- Hafa umsjón með liði sínu allan tímann.
- Fylgjast með dagskrá mótsins og ákveða t.d. matartíma, sundferðir og annað í samráði við þjálfara.
- Vita hvar og hvenær leikir eru. Mæting við völl 30 mín. fyrir leik.
- Aðstoða með upphitun fyrir leiki ef þess þarf.
- Vera með þjálfara á hliðarlínunni – sjá um vatn/teppi/bolta.
- Vera góð fyrirmynd og sjá til þess að börnin gangi vel um.
- Að allir þátttakendur séu félaginu til sóma.
- Fara með liðið sitt á kvöldvöku.

Hluti liðsstjóra mætir á fararstjórafundum og kemur upplýsingum til þeirra liðsstjóra sem ekki fara á fundinn.

Það sem er gott fyrir liðsstjóra að taka með (ekki skylda)

- Poki eða taska til að geyma föt barnanna á meðan leik stendur.
- Teppi.
- Bolta.
- Sólarvörn (til vonar og vara).
- stofna facebookhóp með öllum foreldrum ef þurfa þykir
- Samlokugrill 4 stk *
- Hraðsuðuketil 2 stk *
- Hnífar til að smyrja með 4 stk*
- Tússpennar/merkipennar.
- Klemmur og snúruband.
- Skurðarbretti og hnífa til að skera 2 stk*
- Límband/einangrunarteip.
- Skæri.
- Sjúkratösku.
- Eldhúsrúllu.
- Millistykki/framlengingarsnúru.
- Uppþvottalög og bursta.
- Plastglös.
- KA Fánar.
- Regnslár.
- Matur.
- * fer eftir fjölda þátttakenda.

Ferðir á Íslandsmót:

Undirbúningur fyrir ferðir á Íslandsmót hefst um leið og vitað er um dagsetningar leikja. Það þarf að panta/finna gistingu og panta rútu. Rúta er pöntuð af starfsmanni KA. Það þarf að skipuleggja hvar er borðað og ef einhver afþreying á að eiga sér stað. Foreldraráð ákveður/reiknar út gjaldið sem hver og einn þarf að greiða fyrir hverja ferð fyrir sig. Allir greiða það sama, hvort sem þeir nýta sér allt sem innifalið er í ferðinni eða ekki, þ.m.t. rútu. Viðmið um símanotkun í ferðum á vegum KA er að iðkendur í 4. flokki og yngri eru ekki með síma meðferðis. Upplýsingar um skipulag ferða er hægt að fá hjá starfsmanni KA í KA-heimilinu

Þegar farið er í ferðir á Íslandsmót innan Norðurlands er það í höndum foreldraráðs að ákveða hvort farið er á einkabílum eða með rútu.

Til athugunar:

Til að KA sé ekki eins og margir litlir hópar heldur sem eitt félag þegar farið er á mót er sniðugt að foreldraráð þeirra flokka sem að fara á sama mótið reyni að hittast og samræma reglur sem fylgja eigi á mótunum. Eins er sniðugt að reyna að versla sameiginlega inn fyrir gistimót, svo það séu ekki allir í því sama.

Sundferðir:

Þegar liðsstjórar fara í sund með yngstu krakkana þ.e. 6., 7. og 8. flokk á kattspyrnumótum þá er nauðsynlegt að fá fleiri foreldra til að taka þátt í sundferðum. Því oft eru margir í sundi og betur hægt að fylgjast með hópnum ef fleiri fullorðnir fara með. Gott er að hafa bæði fullorðna ofan í laug og á laugarbakka til að fylgjast með krökkunum í lauginni. Foreldrar, hugum að öryggi barnanna okkar!

Fjármál flokka:

Um fjáraflanir á vegum knattspyrnudeildar KA gildir sú regla að þeir peningar sem safnast eiga að fara inn á sameiginlegan reikning árgangsins. Til er reikningur fyrir hvern árgang í Landsbankanaum. Þar skal halda utan um hvað hver einstaklingur á.

Eitthvert foreldranna í árganginum þarf að vera prófkúruhafi og halda utan um fjármálin. Ekki á að stofna reikning á kennitölu einstaklings. Ef iðkandi hættir þá er relgan sú að sá peningur sem viðkomandi hafði safnað deilist niður á árganginn. Skiptir ekki máli hvort einstaklingur ætlar að hætta í íþrótt eða fara að æfa með öðru félagi. Þetta er gert sökum þess að peningunum var safnað í nafni KA fyrir æfinga- eða keppnisferðum.

Þegar verið er að skipuleggja safnanir þá þarf að láta framkvæmdastjóra félagsins vita, þannig að það séu ekki margir flokkar að selja það sama og einnig þarf að samræma milli deilda. Ábending hefur komið fram að foreldraráðin þurfi að skipuleggja vel skiptingar á götum ef krakkarnir eiga að ganga í hús.

Skil á skýrslum:

Skila á skýrslu til yngriflokkaráðs og þess foreldraráðs sem tekur við flokknum að hausti. Þar á m.a. að koma fram hvað var gert á árinu; á hvaða mót var farið, uppákomur, fundir, fjáraflanir o.fl.

Skil á ferðakostnaði til yngriflokkaráðs varðandi Íslandsmót og önnur mót. Einnig kostnaði vegna þjálfara. Þetta er mikilvægt vegna úthlutunar á styrk til íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar.